

Mál nr. 383/2010

M

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega

Slys þegar kennari rann í bleytu á gólfi í kennslustofu í september 2006.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 26.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.12. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M rann til í bleytu í kennslustofu sbr. fyrirliggjandi gögn. Ágreiningur er um hvort orsakatengsl séu fyrir hendi milli þessa og ástands M (meiðsla á fæti).

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að einkenni þau sem krafist er bóta fyrir megi rekja til atviksins í september 2006. Félagið vísar m.a. til þess að það liðu 1 ár og 8 mánuðir frá því að atvikið varð þar til M leitar læknis. Í vottorði læknis, dags. 14.08. 2009, sem gerði aðgerð á vinstri fæti M segir að “ógerningur sé fyrir hann að sannreyna að einkenni M sé að rekja til atviksins”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Í kjölfar slyssins hafi M leitað á slyshadeild Landspítala háskólasjúkrahúss og verið greind með tognun og ofreynslu á vinstri ökla sbr. nánar umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi ástand M til óhappsins sem varð í september 2006. Engin læknisfræðileg gögn styðja afstöðu M til mögulegrar greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Vegna þessa er greiðsluskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 4. janúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.